

Loftræstikerfi

Í gr. 166.1 í byggingarreglugerð segir:

„Brunavarnir í loftræstikerfum skulu vera í samræmi við staðla sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir eða vísar til, t.d. DS 428 og eftirfarandi reglur:

- a. Efni í loftstokkum og þeir íhlutar loftræstikerfa sem við koma brunavörnum, s.s. brunalokur og tilheyrandi stjórnbúnaður, skal hafa öðlast viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins.
- b. Loftræstikerfi skal þannig hannað og frá því gengið að það rýri ekki brunahólfun byggingar.
- c. Loftræstikerfi skal þannig hannað og frá því gengið að það stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.“

Viðmiðun:

- DS 428
- NT FIRE 034
- MK6.00/014 Ventilationskanaler, brandteknisk klassifíkation

Almennt skal miða við að loftræstiklefar séu í sérstöku brunahólfi EI60 með a.m.k. EI-S30 hurðum. Klæðningar innan í loftræstiklefa skulu vera í flokki 1. Að öðrum kosti skal fylgja DS 428 varðandi undanþágur frá brunahólfun loftræstiklefa.

Dæmi um handbækur:

- En handbok om brandskyddsteknik för ventilationssystem; Ventilationsbrandskydd i Stockholm AB, 1996.